

Alþingi
Erindi nr. P 130/036
komudagur 17.12.2003



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2003

EA/KSG/080/03

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 47. mál.

Vísað er til beiðni félagsmálanefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2003, um að Tryggingastofnun ríkisins veiti umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd sem skuli bera stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri saman við stöðu einstæðra foreldra, einkum með hliðsjón af fjárhagsaðstoð ríkis og sveitarfélaga, og kanna hvort þöggð séu að málamyndaskilnuðum af fjárhagsástæðum.


Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og hefur einnig milligöngu um greiðslur til framfærslu barna samkvæmt IX. kafla barnalaga nr. 76/2003. Sumar af greiðslutegundum laga þessara eru einvörðungu ætlaðar þeim sem reka heimili einir, ýmist einhleypingum eða einstæðum foreldrum. Aðrar greiðslutegundir eru háðar tekjum maka greiðsluþega. Áhrif hjúskaparstöðu á þær greiðslur sem réttur stendur til frá stofnuninni geta því verið umtalsverð.

Þrátt fyrir að heimildir Tryggingastofnunar til eftirlits með því hvort bætur séu greiddar á röngum forsendum séu mjög takmarkaðar og úrræði þar að lútandi fátækleg verður starfsfólk stofnunarinnar reglulega vart við greiðsluþega sem ekki greina rétt frá hjúskaparstöðu sinni eða láta hjá líða að tilkynna opinberum aðilum, t.d. þjóðskrá, um breytingar á henni. Fyrir kemur að verulegar fjárhæðir eru ofgreiddar af þessum sökum.

Tryggingastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að stjórnvöld séu ávallt vakandi fyrir því hvort fjárhagsaðstoð ríkis og sveitarfélaga sé veitt þeim hópum sem mest þurfa á henni að halda á hverjum tíma, enda er slíkt tilgangur fjárhagsaðstoðarinnar. Freistist fólk til að leyna upplýsingum um hjúskaparstöðu sína eða slíta sambúð af fjárhagsástæðum hlýtur að vera þarft að skoða hvort núverandi kerfi þjóni þessum tilgangi. Jafnframt verður að líta til þess að kerfi sem er opið fyrir svikum rýrir möguleika á að veita næga aðstoð þeim sem raunverulega þarfnast hennar, auk þess sem telja verður það afar óheppilegt að búa við kerfi sem hvetur fólk til þess að brjóta lög, eins og lýst er í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Með vísun til ofangreinds telur Tryggingastofnun ríkisins fulla ástæðu til að aðstæður einhleypinga og hjóna/sambúðarfólks verði kannaðar og bornar saman.

Virðingarfyllst,


Karl Steinar Guðnason
forstjóri